# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland.

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði | 03 |
| 02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði | 03 |
| 02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá | 03 |
| 02-019 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð | 02 |
| 01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun | 02 |
| 02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu | 02 |
| 00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 02 |
| 02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005 | 02 |
| 02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði | 10.02 |
| 02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölkná – Miðheiðarhryggur | 10.02 |
| 02-092 Sl. Biskupstungnabraut (35) um Laugá Nýtt á lista | 10.02 |
| 02-009 N.v. Hringvegur (1), um Vatnsdalsá (Hnausakvísl) forsteyptar einingar 2002-2003 | 10.02 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 02-084 Vl. Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg | 07.10.02 | 21.10.02 |
| 02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð | 30.09.02 | 14.10.02 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá | 02.09.02 | 30.09.02 |
| 02-090 Vl. Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2005 | 16.09.02 | 30.09.02 |
| 02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003 | 16.09.02 | 30.09.02 |
| 02-087 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Vestur-Skaftafellssýslu | 09.09.02 | 23.09.02 |
| 02-089 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu | 09.09.02 | 23.09.02 |
| 02-086 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skúfur - Þverá 2002 | 09.09.02 | 23.09.02 |
| 02-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnessýslu, austurhluti | 12.08.02 | 26.08.02 |
| 01-122 Veggöng 2002 - Forval | 21.05.02 | 24.06.02 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 02-085 Sl. Þórsmerkurvegur (F249) 2002 *Suðurverk hf., Hafnarfirði* | 09.09.02 | 25.09.02 |
| 02-073 Au. Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðsfirði *Vöggur ehf., Fáskrúðsfirði* | 06.08.02 | 01.10.02 |

# Niðurstöður útboða

## Hringvegur (1), brú á Þjórsá 02-056

Tilboð opnuð 30. september 2002. Suðurlandsumdæmi. Bygging nýrrar brúar á Þjórsá. Brúin er 170 m löng, 11 m breið samverkandi úr stáli og steinsteypu. Brúin er í 9 höfum og er yfir farvegi árinnar borin uppi af 78 m löngum boga úr stáli og steinsteypu.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu magntölur: vegrið 408 m, gröftur 1.000 m$^3$, bergskering 400 m$^3$, bergboltar 195 stk., bergfestur 120 stk., mótafletir 2.300 m$^2$, steypustyrktarjárn 120 tonn, steypa 1.260 m$^3$, forsteyptar plötur 234 stk., stálbogi 119 tonn, stálbitar 156 tonn, hreinsun og málun stáls 1.920 m$^2$.

Verki skal að fullu lokið 30. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 12 | Verktak ehf., Reykjavík | 369.459.895 | 142,9 | 135.659 |
| 11 | Sveinbjörn Sigurðsson ehf., Reykjavík | 324.133.600 | 125,3 | 90.333 |
| 10 | Eykt ehf., Reykjavík | 309.419.622 | 119,6 | 75.619 |
| 9 | Vélsmiðja KÁ, Selfossi | 301.091.206 | 116,4 | 67.290 |
| 8 | Þ.G. verktakar ehf., Reykjavík | 299.654.011 | 115,9 | 65.853 |
| 7 | MT Höjgaard ehf., Reykjavík | 292.942.810 | 113,3 | 59.142 |
| 6 | Byggingarfélagið Viðar ehf., Reykjavík | 274.730.374 | 106,2 | 40.929 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 258.622.910 | 100,0 | 24.822 |
| 5 | Brú verktakar ehf., Kópavogi | 254.727.275 | 98,5 | 20.926 |
| 4 | Eikarverktakar ehf., Kópavogi | 252.677.740 | 97,7 | 18.877 |
| 3 | Íslenskir aðalverktakar hf. | 249.703.654 | 96,6 | 15.903 |
| 2 | Ístak hf., Reykjavík | 249.427.646 | 96,4 | 15.627 |
| 1 | Normi ehf., Kópavogi | 233.801.000 | 90,4 | 0 |

# Auglýsingar útboða

## Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg (54) 02-084

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð hringtorgs á gatnamótum Hringvegar og Snæfellsnesvegar við Borgarnes.

Helstu magntölur: fyllingar og burðarlög 10.000 m$^3$, skeringar 6.000 m$^3$ og malbik um 4.000 m$^2$.

Verki skal að fullu lokið 15. júlí 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 7. október 2002. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 21. október 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14.15 þann dag.

# Leiðrétting

Í síðasta tölublaði birtist kort sem sýnir mörk sumarþjónustusvæða. Þar voru rangfærslur varðandi mörk svæða þar sem Vesturland og Vestfirðir koma saman. Þetta verður birt nánar síðar.

VEGAGERÐIN

# Framkvæmdafréttir 34. tbl. /02



## Kleifabúi

Þegar vegurinn upp svonefndar Kleifar var lagður árið 1947 tóku vegavinnumenn stein einn mikinn úr urð neðan við veginn, reistu hann upp, máluðu á hann andlit og nefndu Kleifa-Guddu. Kristleifur Jónsson vegaverkstjóri frá Höfða í Þverárhlíð hafði þá orð á því að rétt væri að hlaða veglega vörðu við veginn. Var það gert og stendur hún enn þann dag í dag. Einar Einarsson og Guðjón Jóhannesson, báðir frá Patreksfirði, hlóðu vörðuna en vegavinnuflokkur Kristleifs sá um efnisöflun. Kristján Jóhannesson frá Norðurkoti í Tálknafirði bjó til höfuð vörðunnar. Að verki loknu orti Kristleifur:

Nítján hundruð nefna má
nú með gleði hlýju.
Upp nam rísa seggur sá
sjö og fjörutíu.

Hátt á bergi Búi stendur,
býður sína traustu mund,
horfir yfir heiðarlendur
hár og þögull alla stund.

Búinn varstu úr bergi hörðu
blóði vana kempan treg.
Minnir helst á heiðarvörðu
hér við Barðastrandarveg.

Stattu lengi heill á húfi,
hetjan prúð í fjallasal
þó váleg veður rjúfi
varman frið um strönd og dal.

## Barðastrandarvegur(62) um Kleifaheiði

Frá fornu fari hefur legið þjóðleið um Kleifaheiði á milli Patreksfjarðar og Barðastrandar. Bílfært varð yfir heiðina skömmu fyrir 1950 og á árunum eftir 1970 voru langir kaflar endurbyggðir. Síðast var lagður nýr kafli sumarið 1980 á þeim stað sem þá var snjóþyngstur, Hjallendalág innarlega á háheiðinni. Síðan hefur veginum ekkert verið breytt fyrr en hafist var handa við gerð nýs vegar yfir Kleifaheiði sumarið 2000. Er þeirri vegagerð nú að mestu lokið.

Heildarlengd kaflans frá Haukabergsá á Barðaströnd að vegamótum Örlygshafnarvegar í botni Patreksfjarðar er 12,1 km. Um það bil helming leiðarinnar Patreksfjarðarmegin er vegurinn á sama stað og gamli vegurinn en Barðastrandarmegin liggur hann á nýjum stað upp Mikladal. Á löngum köflum liggur vegurinn í brattri fjallshlíð og er þá öxlin breikkuð. Mesti langhalli er 9% á 400 m löngum kafla neðan Kleifabúa en annars 8% á löngum köflum. Hæsti punktur vegarins er í 411 m h.y.s.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 34. tbl. 10. árg. nr. 317 7. okt. 2002**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.